

Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur



## Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands vegna gjaldskrárhækkana í strætó fyrir öryrkja og eldri borgara.

Vegagerðin rekur og ber ábyrgð á almenningssamgöngum á landsbyggðinni, nánar tiltekið landsbyggðarstrætó. Ákvarðanir sem snúa að rekstri landsbyggðarstrætó eru á vegum Vegagerðarinnar. Rekstur landsbyggðarstrætó er rekinn að hluta til af ríkisstyrk og fargjaldtekjum frá farþegum annars vegar. Hryggjarstykki reksturs landsbyggðarstrætó eru fargjaldtekjur og reksturinn því háður þeirri innkomu. Hvað varðar aðkomu Strætó bs. að landsbyggðarstrætó þá kaupir Vegagerðin þjónustu frá Strætó bs. og er hún samkvæmt gildandi þjónustusamning.

Vegagerðin vinnur að samræmingu á verðskrá landsbyggðarstrætó og að endurskipuleggja það fargjaldakerfi sem var hannað í þeirri tíð er almenningsvagnar voru á ábyrgð landshlutasamtaka sveitarfélaga. Hluti þeirrar skipulagningar er að innleiða nýtt greiðslukerfi með einfaldaðri gjaldskrá. Það ferli hófs formlega í mars 2022 með samræmingu gjaldskrár landsbyggðarvagna við gjaldskrá Strætó á höfuðborgarsvæðinu, en sú vinna var unnin í samráði við Strætó bs. Upphaflega veitti gjaldskrá höfuðborgarvagna 50% afslátt af öllum afsláttargjöldum, þar með talið öryrkjum, en eftir breytingar Vegagerðarinnar á gjaldskrá landsbyggðarvagna voru afsláttarkjör öryrkja í höfuðborgarvögnum hækkuð í 70%. Niðurstaða Vegagerðarinnar var að halda sínu verði óbreyttu frá fyrri tillögu.

Síða 1/1

F.h. Vegagerðarinnar  
Hulda Rós Bjarnadóttir

Vegagerðin